



Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 7. október 2013
Tilv.: UMH10060186/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 16. júní 2010 þar sem sótt er um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns vegna framkvæmda innan framtíðarbrunnsvæðis við Mygludali. Með beiðni um undanþágu er vísað í 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem segir að þegar sérstaklega standi á geti ráðherra veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru skv. 4. og 5. gr. laganna. Um er að ræða lagningu tveggja nýrra 400 kV lína samsíða núverandi háspennulínu. Annars vegar er um að ræða framhald af Búrfellslínu 3 og hins vegar nýja línu, Sandskeiðslínu 1. Fram kemur í erindi yðar að nú séu fjögur möstur innan brunnsvæðis vatnsverndar við Mygludali. Ráðgert er að nýjar línur séu staursettar í takt og því muni bætast átta möstur við innan brunnsvæðis. Á svæðinu, sem er um 1630 m langt, sé slóð sem fyrirhugað sé að nýta og að heildarlengd nýrra slóða innan brunnsvæðisins við Mygludali verði um 370 m. Með erindinu fylgdi m.a. umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 3. mars 2010, vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 til 2025, Suðvesturlínur, og umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði, dags. 8. janúar 2010, vegna sama máls.

Með bréfi dags. 8. apríl 2011 barst ráðuneytinu erindi Skipulagsstofnunar þar sem send var ráðherra til staðfestingar, skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Fram kemur í erindinu að Skipulagsstofnun hafi farið yfir framlögð gögn og telji hvorki form- né efnisgalla á aðalskipulagsbreytingunni og mæli með staðfestingu hennar. Þann 26. apríl 2011 barst ráðuneytinu erindi Hafnarfjarðarbæjar þar sem þess var farið á leit við ráðuneytið að það biði með afgreiðslu aðalskipulagsins vegna óvissu um hvort eða hvenær Suðvesturlínur gegnum Hafnarfjörð yrði lagðar. Þann 21. janúar 2013 staðfesti ráðherra framangreinda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um erindi yðar samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með bréfum dags. 7. júlí 2010.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 23. ágúst 2010 kemur fram að stofnunin sé sammála flestu því sem fram komi í umsögnum þeim sem fylgdu erindi Landsnets. Bendir Umhverfisstofnun á 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns þar sem fjallað sé um brunnsvæði sem sé næsta nágrenni vatnsbólans og að það skuli vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að umrædd framkvæmd sé nýtingu vatnsbólans óviðkomandi. Búið sé að taka Mygludali frá sem vatnsból til framtíðar þó að ekki sé farið að nýta svæðið sem slíkt. Þá bendir Umhverfisstofnun á að í umsögn skipulags- og byggingasviðs Hafnarfjarðarbæjar sé dregið

úr mikilvægi Mygludala sem brunnsvæðis en bent á að grunnvatn í Mygludölum skili sér beint niður í Kaldárbotna sem séu vatnsból Hafnarfjarðar. Fram kemur einnig að Vatnsveitan beini frekar sjónum sínum að Fagradal sem sé framtíðar vatnsból Hafnarfjarðar og telji Vatnsveitan sig hugsanlega geta fallist á að gerð verði breyting á svæðisskipulagi og brunnsvæðið í Mygludölum minnkað eða undanþága verði veitt frá ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Umhverfisstofnun geti ekki mælt með undanþágu frá ákvæðum 13. gr. reglugerðarinnar þar sem skýrt sé kveðið á um stranga verndun vatns á brunnsvæðum. Hætta sé á sinkmengun og mengun vegna tækja og búnaðar á framkvæmdatíma og mikilvægt sé að tryggja að vatnsbólíð mengist ekki. Í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar frá 25. júní 2009 og 3. mars 2010 komi m.a. fram að Suðvesturlínur liggja um mikilvæg vatnsverndarsvæði og því hafi framkvæmdaraðili fallist á að fara ekki í framkvæmdir yfir vetrarmánuði þegar meiri líkur séu taldar á mengunarslysum. Það sé til bóta fyrir vatnsverndina að setja upp möstur sem hafi hágæða sinkhúð þar sem blý og aðrir þungmálmur hafi ekki komið að framleiðsluferlinu. Ekki sé í framangreindum umsögnum skýrt tekið fram bann 13. gr. reglugerðarinnar um varnir gegn mengun vatns en framkvæmdaraðila hafi mátt vera það ljóst. Umhverfisstofnun hafi ekki undir höndum þær rannsóknir sem lágu til grundvallar afmörkun brunnsvæðisins í Mygludölum. Mikilvægt sé að skapa ekki fordæmi fyrir framkvæmdir á skilgreindum brunnsvæðum.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 21. júlí 2010 er vísað til fundargerðar heilbrigðisnefndar frá 25. maí 2009 þar sem m.a. segir: „*Eftir að hafa farið yfir framlögð gögn og í ljósi mikilvægis boðaðra framkvæmda leggst heilbrigðisnefnd ekki gegn framkvæmdinni en ætlast til að Landsnet tryggi að fyllsta öryggis verði gætt á öllum sviðum framkvæmdarinnar.*“ Fram kemur í umsögninni að heilbrigðisnefndin leggist ekki gegn því að ráðuneytið fallist á undanþágubeiðni Landsnets frá reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en að nefndin hefði kosið að önnur leið hefði fundist fyrir umræddar línur sem skapað hefði minni ógn fyrir vatnsvernd á svæðinu. Í erindi Landsnets sé vikið að þeim möguleika að sveigja hluta lagnarleiðarinnar austur fyrir framtíðarbrunnsvæðis í Mygludölum en fyrirtækið telji það ekki góðan kost og taki nefndin undir það mat Landsnets þar sem slík tilhögun sé óhjákvæmilega mun meiri framkvæmd og kalli á meira rask og mengunarhættu. Þó að nefndin leggist ekki gegn því að umbeðin undanþága verði veitt þá óski hún eftir að undanþága verði ekki veitt fyrr en starfsleyfi heilbrigðisnefndarinnar hafi verið gefið út og ljóst sé hvert umfangið verði, þ.e. hvort að báðar línurnar verði reistar um leið og þá hvenær.

Í tölvupósti frá Ólafi Árnasyni f.h. Landsnets hf. til ráðuneytisins, dags. 27. janúar 2013 vegna háspennulína um brunnsvæði við Mygludali í landi Garðabæjar og Hafnarfjarðar er bent á að í staðfestri breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 sé gert ráð fyrir umræddum línunum og hafi áður verið staðfest sambærileg aðalskipulagsbreytingu í landi Garðabæjar og Kópavogs. Umrætt línubelti sé afar mikilvægur hluti af flutningskerfinu og forsenda þess að hægt sé að uppfylla samkomulag við viðkomandi sveitarfélög um framtíðartilhögun orkuflutnings á þessu svæði. Ráðuneytið fundaði í framhaldi af því með fulltrúum Umhverfisstofnunar um málið hinn 27. febrúar 2013. Með vísan til fundarins óskaði ráðuneytið sama dag eftir því að stofnunin færi yfir erindi Landsnets og þeirra gagna sem lágu fyrir fundinum og tæki afstöðu til hvort stofnunin vildi endurskoða veitta umsögn til ráðuneytisins frá 23. ágúst 2010 í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu.

Ráðuneytinu barst ný umsögn Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 5. júní sl. Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hafi breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar verið staðfest af ráðherra 21. janúar 2013. Þar sé inni nýtt afmarkað brunnsvæði við Mygludali, sem kom úr svæðisskipulagi fyrir vatnsverndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu og staðfest var árið 1999. Núverandi raflína með fjórum möstrum og slóð sé innan brunnsvæðisins. Landsnet fyrirhugi að leggja auk þess tvær samhliða 400 kV háspennulínur, reisa átta möstur og leggja alls 370 m af hliðarslóðum innan brunnsvæðisins. Stofnunin vilji vekja athygli á að mjög ríkar kröfur séu gerðar til verndunar vatns innan skilgreinds brunnsvæðis, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. breytingu nr. 553/2001 á þeirri reglugerð. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar segir:

„*I. flokkur. Brunnsvæði. Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera*

algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli .“

Í 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar segir:

„Ráðstafanir á verndarsvæðum til verndar vatnsgæðum skulu ávallt miðast við ströngustu skilyrði sem gilda til viðhalds náttúrulegu ástandi vatns, sbr. 8.-11. gr., sbr. einnig reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð um fráveitur og skólþ og reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, ásamt síðari breytingum. Sama á við um meðferð úrgangs.“

Í 4. viðauka reglugerðar nr. 319/1995 um verndun vatns hafi verið sambærileg ákvæði um bann við óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar voru vegna vatnsveitu. Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að brunnsvæðið í Mygludal hafi á sínum tíma verið sett yfir raflínur og slóð og að slík afmörkun brunnsvæðis sé vart í samræmi við framangreindar kröfur í reglugerð um verndun vatns. Einnig bendir stofnunin á að kröfur um heildstæða vatnsvernd hér á landi hafi verið innleiddar með setningu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í lögnum sé kveðið á um að hindra eigi frekari rýrnun vatnsgæða til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar og er með lögnum þannig m.a. stuðlað að langtímavernd vatnaauðlindarinnar. Fram kemur í umsögninni að Umhverfisstofnun hafi óskað eftir upplýsingum í bréfi til Orkustofnunar dagsettu 20. mars 2013 um lágmarksstærð brunnsvæða og hvort mannvirki séu innan brunnsvæða hér á landi sem ekki tengist vatnstöku. Í svari Orkustofnunar komi fram að afmarkað brunnsvæði við Mygludali sé þriðja stærsta brunnsvæði landsins, 1,9 km² að stærð, og að miðað við kröfur í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn skuli lágmarksstærð afmarkaðs brunnsvæðis vera 78,5 m². Einnig komi fram í svarinu að Orkustofnun sé ekki kunnugt um mannvirki innan brunnsvæða sem ekki tengjast vatnstökunni sjálfri að undanskildum eldri raflínum og slóðum. Samkvæmt gögnum frá Landsneti sé fyrirhuguð leið háspennulínanna yfir brunnsvæði við Mygludali talin best með tilliti til rasks á landi og eldhrauni og taki Umhverfisstofnun undir það, sbr. umsögn stofnunarinnar, dagsett 25. júní 2005, þar sem segir:

„Ný lína verður lögð eftir eldri línuleið á öllum þessum svæðum, sem lágmarkar rask á hrauni ... Umhverfisstofnun leggur áherslu á að reynt verði að hlífa hrauni og einstaka jarðmyndunum eins og kostur er á þessu og öðrum svæðum sem verða fyrir slíkri röskun.“

Loks bendir Umhverfisstofnun á að það séu sveitarfélög ásamt viðkomandi heilbrigðisnefnd sem beri ábyrgð á skilgreiningu brunnsvæða og stærð þeirra. Ljóst sé að við svæðisskipulagsbreytingu árið 1999 hafi brunnsvæðið við Mygludali verið skilgreint yfir svæði þar sem háspennulínur voru fyrir þrátt fyrir ákvæði þágildandi reglugerðar um að engin mannvirki sem ekki tengdust vatnstökunni sjálfri væru innan brunnsvæðis. Stofnunin telji eðlilegt að sé það vilji viðkomandi sveitarfélags og heilbrigðisnefndar að leyfa framangreinda línulögn þá sé það gert með breytingu á því skipulagi sem tilgreini brunnsvæðið en ekki með sértækri undanþágu ráðherra frá gildandi reglugerð. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að skoða þurfi hvort skilgreina eigi brunnsvæðið við Mygludali að nýju þannig að núverandi línur og tilheyrandi mannvirki lendi utan brunnsvæðisins.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er eins og áður greinir fjallað um flokkun verndarsvæða og kveðið á um að umhverfis vatnsból skuli ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Kveðið er á um að brunnsvæði skuli algjörlega friðað fyrir framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynleg eru vegna vatnsveitunnar. Á grannsvæðum eru ekki eins þröng skilyrði en þar er bönnuð notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla þeirra. Meðal hættulegra efna sem talin eru upp eru olía, bensín og önnur efni sem mengað getur grunnvatn.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir getur ráðherra þegar sérstaklega stendur á veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laganna. Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er kveðið á um að brunnsvæði skuli vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og

frankvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Umhverfisstofnun bendir á í sinni umsögn að mjög ríkar kröfur gildi um verndun vatns innan skilgreinds brunnsvæðis og mælir ekki með að undanþága verði veitt. Einnig bendir stofnunin á að í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála séu gerðar kröfur um heildstæða vatnsvernd og að í lögunum sé kveðið á um að hindra eigi frekari rýrnun vatnsgæða til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar og skuli þannig stuðlað að langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis leggst ekki gegn því að fallist verði undanþágubeiðni frá reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en hefði kosið að önnur leið hefði fundist fyrir umræddar línur sem skapað hefði minni ógn fyrir vatnsvernd á svæðinu. Ráðuneytið leggur áherslu á að gætt verði ytrustu varkárni varðandi vatnsvernd. Ráðuneytið telur að í máli þessu hafi ekki verið sýnt fram á ríkar ástæður til að víkja frá því ákvæði reglugerðarinnar að brunnsvæði skuli vera friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitu. Í ljósi framangreinds og þeirra umsagna sem liggja fyrir í málinu hafnar ráðuneytið beiðni yðar um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns vegna framkvæmda innan framtíðarbrunnsvæðis við Mygludali í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ráðuneytið tekur undir það sem fram kemur í áður nefndri umsögn Umhverfisstofnunar frá 5. júní 2013 að eðlilegt sé að sé það vilji viðkomandi sveitarfélags og heilbrigðisnefndar að leyfa framangreinda línulögn þá sé það gert með breytingu á því skipulagi sem tilgreindi brunnsvæðið en ekki með sértækri undanþágu ráðherra frá gildandi reglugerð.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörg Sæmundsdóttir


Íris Bjargmundsdóttir